

# Hvolsskóli

*Guri Hilstad Ólason*

*Auður Fr. Halldórsdóttir*

*Asta Johanna F. Laukkanen*

*Pálína Björk Jónsdóttir*

*og Sigurlaug Maren*

*Guðmundsdóttir*

## **SJÁLFSMATSSKÝRSLA**

### **Skólaárið 2019-2020**

Tilgangur mats á skólastarfi er hluti af viðleitni skóla og skólayfirvalda til að skapa frjóar námsaðstæður og hjálpa nemendum og kennurum að ná árangri í starfi sínu. Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur umbóta í skólastarfi.

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	1
Inngangur .....	2
1. Tímaáætlun sjálfsmats Hvolsskóla 2019-2022 .....	3
1. Matstæki, viðmið, niðurstöður og leiðir til úrbóta.....	4
1.1 Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6. – 10. bekkur .....	6
1.1.1 Starfsmannakönnun.....	7
1.4 Samræmd könnunarpróf skólaárið 2019 til 2020 .....	9
2. Skipulag kennslu á elsta stigi.....	11
3. Rýnifundur með starfsfólki í Skjólinu, ræstingarfólki, húsverði og ritara.....	16
4. Uppgjörsdagur að vori 2020 .....	19
4. Úrbótaáætlun veturinn 2019-2020 og úrbætur unnar á árinu .....	21
5. Úrbótaáætlun veturinn 2020-2021 .....	22
Að lokum.....	23

## Inngangur

Sjálfsmatshópur Hvolsskóla skólaárið 2019 – 2020 var skipaður Guri Hilstad Ólason formanni hópsins, Pálínu Björk Jónsdóttur, Asta Johanna F. Laukkanen, Auði Friðgerði Halldórsdóttur og Sigurlaugu Maren Guðmundsdóttur. Fundað var eftir þörfum og gekk samstarf hópsins vel. Studdist hópurinn við skýrslur fyrri ára og ágætlega gekk að fylgja eftir þeirri áætlun sem gerð var fyrir þetta skólaár.

Leitast er við að skipuleggja matið á þann hátt að allir þættir skólstarfsins verði metnir, annaðhvort árlega eða með tveggja til þriggja ára millibili. Þegar spurningalistar hafa verið lagðir fyrir fær sjálfsmatshópurinn oft ábendingar um það sem betur má fara og í flestum tilfellum nýtti sjálfsmatshópurinn sér betrumbætta spurningalista frá fyrra ári. Keypt var þjónusta frá Skólapulsinum og sá það fyrirtæki um nemendakönnun í 6.-10. bekk og foreldrakönnun. Ein könnun var framkvæmd í rýnihópum en það var; skipulag náms á yngsta stigi. Ákveðið var að víkja frá tímaáætlun sjálfsmatshóps þar sem til stóð að taka fyrir skólastefnu Rangárbings eystra á uppgjörsegi í maí. Vegna Covid 19 var sú vinna mjög stutt komin og í staðinn var ákveðið að rýna í reynslu starfsfólks eftir kennslu í samkomubanni sem var í gildi frá 16. mars til 4. maí 2020.

Samkvæmt aðalnámskrá er mikilvægt að skólstarf sé metið reglulega og m.a. gengið úr skugga um að það uppfylli ramma laga og reglugerða. Einnig er gerð krafa til skólayfirvalda að aðferðir og niðurstöður mats á skólstarfi séu opinberar og öllum aðgengilegar.

Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur skólaumbóta. Sjálfsmatsskýrslan verður kynnt fyrir fræðslunefnd og verður þar að auki sett á heimasíðu skólans en grunngögn sem hún byggir á eru í vörslu formanns.

## 1. Tímaáætlun sjálfsmats Hvolsskóla 2019-2022

2019-2020	2020 – 2021	2021-2022	Tími
Tengslakönnun í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti.	Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	<b>September</b> Spurningalistar á pappír  <i>Allir nemendur</i>
Samræmd próf í 4. og 7. bekk	Samræmd próf í 4., og 7. bekk	Samræmd próf í 4., og 7. bekk	<b>September</b>
			<b>Desember</b> <i>Farið yfir hvort áherslur séu metnar í könnunum vetrarins</i>
Námskrá skólans. Skipulag náms á elsta stigi, námsmat, sérkennsla o.fl.	Námskrá skólans Skipulag náms á miðstigi, námsmat, sérkennsla o.fl.	Námskrá skólans Skipulag náms á yngsta stigi, námsmat, sérkennsla o.fl.	<b>Janúar</b> <i>Rýnihópar</i>
Mat starfsfólks utan stiga á líðan, starfsaðstöðu o.fl.			<b>Febrúar</b> Rýnihópur
6.-10. bekkur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	6.-10. bekkur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	6.-10. bekkur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	<b>Sept-maí</b> Skólapúls
Könnun í 2. og 4. bekk	Könnun í 2. og 4. bekk	Könnun í 2. og 4. Bekk	<b>Janúar</b> Myndrænir spurningalistar

Mat nemenda á líðan í skóla	Mat nemenda á líðan í skóla	Mat nemenda á líðan í skóla	
	Samstarf við leikskólann		<b>Febrúar</b> Rýnihópur
Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða o.fl.	Mat foreldra á líðan og viðhorfi barna sinna.	Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða o.fl.	<b>Mars</b> Skólapúls
Samræmt könnunarpróf í 9. bekk	Samræmt könnunarpróf í 9. bekk	Samræmt könnunarpróf í 9. bekk	<b>Mars</b>
Skólastefna Rangárþings eystra, hvar stöndum við?	Mat á skólaárinu 2020-2021 Með hliðsjón af áætlunum skólans; jafnréttisáætlun, móttökuáætlun, áfallaáætlun, eineltisáætlun, forvarnaráætlun, starfsþróunaráætlun	Skólastefna Rangárþings eystra, hvar stöndum við?	<b>Mái</b> Uppgjör, rýnihópar <i>Allt starfsfólk skólans</i>

Niðurstöður þeirra kannanna sem lagðar voru fyrir skólaárið 2019-2020 verða raktar hér á eftir. Þeir þættir sem betur mega fara eru settir í ferli í skólanum þar sem leitast er við að færa þá til betri vegar. Niðurstöður ýmissa kannana hafa nú þegar verið notaðar til umbóta.

Verður hér gerð grein fyrir því helsta varðandi sjálfsmat Hvolsskóla skólaárið 2019-2020.

## 1. Matstæki, viðmið, niðurstöður og leiðir til úrbóta

### 1.1. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum, 2. og 4. bekkur

**Matstæki:** Einföld könnun var lögð fyrir á pappíriformi í febrúar 2020. 44 nemendur svöruðu eða 100 %.

**Viðmið:** Að sem flestum líði vel í skólanum. Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar, þó ekki spurningar er varða stríðni sem er ekki liðin í Hvolsskóla.

**Niðurstöður og leiðir til úrbóta.** Niðurstöður sýndu að flestum líður vel eða nokkuð vel í skólanum.

***Dæmi um jákvæðar niðurstöður***

- 98% nemenda líður vel/ágætlega í skólanum
- 95 % nemenda líður vel/ ágætlega í frímínútum
- 92 % nemenda líður vel/ágætlega á morgnana áður en þau fara í skólann
- 95 % nemenda líður vel/ágætlega á leiðinni í skólann
- 95 % nemenda eiga vini í bekknum sínum
- 98 % nemenda líður já/stundum vel í bekknum sínum
- 98 % nemenda finnst kennararnir koma vel fram við sig
- 98 % nemenda finnst rétt að hlýða kennarunum
- 93 % nemenda líkar maturinn vel/ágætlega
- 90 % nemenda líður vel/ágætlega í matsalnum
- 100 % nemenda líður vel/ágætlega í íþróttum
- 98 % nemenda líður vel/ágætlega í sundi
- 95 % nemenda líður vel/ágætlega í búningsklefanum í íþróttahúsinu
- 100 % nemenda líður vel/ágætlega í smiðjum
- 100 % nemenda líður vel/ágætlega í skólabílum (aðeins þeir sem eru í skólabílum svöruðu)
- 92 % nemenda líður vel/ágætlega í Skjólínu (aðeins þeir sem eru í Skjóli svöruðu)

***Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta***

- 5 % nemenda segjast verða fyrir stríðni í skólanum og 23 % segjast verða fyrir stríðni stundum
- 5 % nemenda finnst gaman stundum að stríða sumum krökkum
- 7% nemenda telur að ekki sé vinnufriður í bekknum og 59 % nemenda telur að það sé stundum vinnufriður.
- 26 % nemenda telur að það sé hávaði í bekknum sínum og 62 % telja að það sé stundum hávaði í bekknum.
- 26 % nemenda finnst stundum gaman í skólanum

## 1.1 Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6. – 10. bekkur

**Matstæki:** Rafræn könnun á vegum Skólapúlsins lögð fyrir í september, janúar og maí, handahófskennt úrtak úr öllum nemendum 6.-10. bekkjar.

**Munur** upp á 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

**Viðmið:** að jákvæðar niðurstöður séu jafnar eða hærri en meðaltal þeirra skóla sem nota Skólapúlsinn. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikinu 2.

**Niðurstöður og leiðir til úrbóta:** Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta.

### *Dæmi um jákvæðar niðurstöður:*

#### ➔ Tíðni eineltis

- Hvolsskóli 11,3% - landið 12,5%. Áhyggjuefni er hins vegar að það er afturför um 4,6 % frá því í fyrra.

Hvolsskóli nær ekki landsmeðaltali í neinum öðrum matsþáttum og er það afturför frá fyrri skólaárum. Hins vegar má sjá framför í tíðni hreyfingar – 2x eða oftar í viku (aukning með 1,9%). Einnig eru framför í ánægju af lestri og áhuga á stærðfræði (0,1 og 0,2). Í opnum svörum benda nemendur á atriði sem þeim finnst gott við skólann sinn.

Dæmi um jákvæðar upplifanir nemenda:

- Skemmtilegir krakkar og kennarar
- Maturinn er góður
- Langt sumarfrí, þemadagar og Litlu-jól
- Mér finnst flestir kennarar skemmtilegir og það er gott að þegar maður er komin á elsta stig (8.-10. bekk) þarf maður ekki að fara út og getur verið í símanum eða bara að spjalla en maður má líka fara út. Flestir krakkarnir eru skemmtilegir.

### *Dæmi um neikvæðar niðurstöður:*

#### ➤ Trú á eigin námsgetu

- Hvolsskóli 4,0 - landið 4,7

#### ➤ Þrautsegja í námi

- Hvolsskóli 4,0 - landið 4,8

#### ➤ Trú á eigin vinnubrögð í námi

- Hvolsskóli 4,3 - 4,8

#### ➤ Samband nemenda við kennara

- Hvolsskóli 4,3 - landið 4,9
- Agi í tímum
  - Hvolsskóli 4,4 - landið 4,9
- Virk þátttaka nemenda í tímum
  - Hvolsskóli 4,6 - 5,1

Í opnum svörum benda nemendur á atriði sem þeim finnst mega betur fara í skólanum sínum

Dæmi um neikvæðar upplifanir nemenda:

- Hann er of langur
- Einn kennari sem kennir ekkert og vinnur ekki vinnuna sína
- Heimavinna
- Maturinn

### 1.1.1 Starfsmannakönnun

**Matstæki:** Rafræn könnun á vegum Skólapúlsins lögð fyrir í febrúar mars 2020.

Það voru 58 í úrtakinu og svöruðu 54, svarhlutfall var 93,1%.

**Viðmið:** að jákvæðar niðurstöður séu jafnar eða hærri en meðaltal þeirra skóla sem nota Skólapúlsinn og eru sambærilegir að stærð, með 1-320 nemendur í 1.-10.bekk. Mælikvarði er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikinu 2.

**Munur** upp á 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

**Niðurstöður:** Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður.

#### *Dæmi um jákvæðar niðurstöður*

- Vinnuálag
  - Hvolsskóli 4,1- landið 4,8
- Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)
  - Hvolsskóli 0% - landið 3,8%
- Starfsmannaviðtöl undanfarið ár
  - Hvolsskóli 98,0% - landið 77,8%
- Gagnsemi starfsmannaviðtals
  - Hvolsskóli 91,8% - landið 88,1%
- Ágreiningur um hlutverk



- Hvolsskóli 4,5 - landið 4,9

***Dæmi um neikvæðar niðurstöður***

- Jákvæðar áskoranir í starfi
  - Hvolsskóli 4,5 - landið 5,2
- Starfsandi
  - Hvolsskóli 4,8 - landið 5,3
- Stuðningur við nýsköpun
  - Hvolsskóli 4,7 - landið 5,2
- Mismunur
  - Hvolsskóli 5,4 - landið 4,8
- Ánægja með kennarastarfið
  - Hvolsskóli 4,9 - landið 5,4 var á landsmeðaltali skólaárið 2017/2018
- Trú kennara skólans á eigin getu
  - Hvolsskóli 4,2 - landið 4,9 var 4,7 skólaárið 2017/2018
- Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár
  - Hvolsskóli 22,6% - landið 45,0%

***Dæmi um opin svör starfsmanna:*** Lýstu því hvað þér þykir gott við vinnustaðinn þinn.

- Ein stór fjölskylda. Allir þekkja alla og eru tilbúnir til að vera öðrum til halds og trausts ef á þarf að halda.
- Fá alvarleg agavandamál og yfirleitt gott andrúmsloft á meðal starfsmanna. Gott aðgengi að stjórnendum og er hlustað á mann og ríkir traust til starfsmanna.
- Hljýja starfsmanna í garð vinnufélaga yfirleitt. Nemendur almennt skemmtilegir. Hægt að tala saman og skiptast á skoðunum. Starfsaðstaða almennt góð og meira tillit til mannglegra þátta að koma inn.
- Nánd við nemendur.
- Starfsfólk meðvitað um að vera á jákvæðum nótum. Stjórnendur tilbúnir að hlusta.

***Dæmi um opin svör starfsmanna:*** Lýstu því hvað þér þykir að megi betur fara á vinnustaðnum þínum.

- Aðstaða í matsal

- Hver og einn þarf horfa meira til þess hvað hann getur gert betur í stað þess að horfa á hvað hinir geta gert betur
- Lítil vinnufriður í sameiginlegu vinnurými. Samskipti við sumt starfsfólk, vantar uppá virðingu. Vantar meiri aðstoð við tvítyngda nemendur og sérkennslu.
- Samskipti er varða þá aðila sem koma að sérkennslunemendum og nemendum með önnur tungumál en íslensku þurfa að vera meiri og greiðari. Skólinn þarf að skerpa sýn á t.d. nám barna af erlendum uppruna og leggja meiri áherslu á íslenskukennslu. Það er stundum erfitt að fá fólk með þegar góðar hugmyndir koma fram. Það er erfitt að benda stjórnendum á atriði sem betur mega fara, því þeir eiga það til að hrökkva í vörn í stað þess að ræða um hlutina á opinn og gagnrýninn hátt. Rödd kennara sem fagfólks.
- Samskipti milli stiga mættu aukast.
- Það mætti alveg hrósa fólk meira þ.e.a.s ef það á það skilið, finnst það hvetjandi þegar fólk fær hrós sama hvort það séu börn eða fullorðnir.
- Á móti vinnur hér líka mjög neikvætt starfsfólk sem þrífst af því að draga úr og rakka niður. Hér fer fram baktal og jafnvel eru búnar til kjaftasögur til þess að hafa eitthvað umræðuefni á kaffistofunni. Þetta er auðvitað sem betur fer mikill minnihlutahópur en þessi hópur hefði gott af því að skella sér á upprifjun í friðhelgi einkalífsins og kennslu í núvitund!

#### 1.4 Samræmd könnunarpróf skólaárið 2019 til 2020

Samræmd könnunarpróf voru lögð fyrir nemendur í 4. og 7. bekk í september 2019 eins og í öðrum grunnskólum á landinu. Prófað var í íslensku og stærðfræði.

Í 9. bekk var samræmt könnunarpróf í mars 2020. Prófað var í íslensku, stærðfræði og ensku.

**Matstæki:** Próf frá Menntamálastofnun.

**Niðurstöður og leiðir til úrbóta:** Mikilvægt er að skólinn vinni áfram með einstaka þætti prófanna til frekari framfara hjá nemendum. Unnið verði bæði einstaklingslega og á bekkjarvísu. Skipulag kennslu í skólanum er vel til þess fallið þegar um er að ræða kennslu í fámennum hópum með góða mönnun.

*Hér á eftir eru niðurstöður Hvolsskóla.*

#### 4. bekkur

Skólaárið 2019-2020 voru 23 nemendur í 4. bekk Hvolsskóla og af þeim tóku 22 nemendur íslenskuprófið og 23 nemendur tóku stærðfræðiprófið.

Dreifing einkunna í 4.b.:

	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	22	7	31,8%	9	40,9%	6	27,3%
	Lestur	22	9	40,9%	7	31,8%	6	27,3%
Stærðfræði	Heild	23	9	39,1%	7	30,4%	7	30,4%
	Reikningur	23	9	39,1%	6	26,1%	8	34,8%

## 7. bekkur

Skólaárið 2019-2020 voru 21 nemandi í 7. bekk Hvolsskóla og af þeim tóku 18 nemendur íslensku- og stærðfræðiprófið.

Dreifing einkunna í 7. b.:

	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	18	4	22,2%	7	38,9%	7	38,9%
	Lestur	18	3	16,7%	9	50,0%	6	33,3%
Stærðfræði	Heild	18	4	22,2%	8	44,4%	6	33,3%
	Reikningur	18	4	22,2%	8	44,4%	6	33,3%

## 9. bekkur

Skólaárið 2019-2020 voru 22 nemendur í 9. bekk Hvolsskóla og af þeim tók 21 nemandi íslensku-, stærðfræði- og enskuprófið.

Dreifing einkunna í 9. b.:

	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall

Íslenska	Heild	21	5	23,8%	13	61,9%	3	14,3%
	Lestur	21	5	23,8%	10	47,6%	6	28,6%
Stærðfræði	Heild	21	4	19,1%	15	71,4%	2	9,5%
	Reikningur	21	5	23,8%	14	66,7%	2	9,5%
Enska	Heild	21	8	38,1%	10	47,6%	3	14,3%
	Lestur	21	8	38,1%	9	42,9%	4	19,1%

## 2. Skipulag kennslu á elsta stigi

Tveir fundir voru haldnir með starfsfólki á elsta stigi í febrúar þar sem rýnt var í skipulag kennslu, aðstæður og aðra þætti sem varða stigið. Til grundvallar lá skýrsla rýnifunda á elsta stigi sem fóru fram á skólaárinu 2016-2017 og voru þrjár spurningar lagðar fram:

- Hvar stöndum við?
- Hvert viljum við fara?
- Hvað þurfum við að gera til þess að komast þangað?

Umræður og niðurstöður af fundunum voru ritaðar niður og dregnar saman í ákveðna þætti sem hér fylgja.

Viðfangsefni	Hvar stöndum við?	Hvert viljum við fara?	Hvað þurfum við að gera til þess að komast þangað?
<b>Kennsluhættir</b>	Hópavinna og uppbrot hefur aukist jafnt og þétt og má nefna t.d.nýsköpunarverkefnið sem er að fara af stað í þeim efnum. Leiðsagnarmatið er að mati fundarmanna ekki orðið það sem það á að vera en er meira eins og einhvers konar lokamat og lítil leiðsögn í því. Mikil áhersla á námsmatlista en ekki annars konar leiðsagnarmat. Enn sem komið er er ekki hægt að setja námsmatslista inn í Námfús og þá nýtast þeir nemendum og foreldrum illa.	Fundarmenn vilja fjölbreytni í kennsluháttum og heildstæðari leiðsagnarmat. Einnig var bent á að halda áfram að efla það sem við erum að vinna við. Skemmtilegt samþætt verkefni er að fara af stað í íslensku, ensku og samf.frv.	Að gera Námfús aðgengilegri til þess að námsmatslistar skili sér til foreldra.
<b>Námsframboð</b>	Val hefur aukist og gott að fá inn ný námskeið þar sem ýmsir aðilar í samfélaginu koma inn og kenna. Rætt var um nemendur sem eru í vali utan skóla og nýtingu tíma þar sem nemendur nota tímana sem frí. Að mati fundarmanna þarf að setja strangari kröfur varðandi val utan skóla sérstaklega m.t.t.	Val utan skóla fyrir afreksnemendur frekar en fyrir alla, þ.e.a.s nemendur stunda eitthvað sem er aðeins meira en bara að mæta á æfingu sem þeir mæta hvort eð er á. Mikilvægt að val sé tilbúið að vori til og kennarar vita hvað þeir eiga að kenna næsta haust.	Endurskoða og þrengja val utan skóla. Hafa allt val tilbúið að vori til.

	leiðbeinanda þar sem foreldrar eru stundum leiðbeinendur. Nemendur sem eru í vali utan skóla eiga að fara heim en ekki hanga í skólanum og þarf að endurskoða hvernig valið er framkvæmt.		
<b>Sérkennsla</b>	Jákvætt að sérkennari sé staðsettur á stiginu. Stýring að ofan veitir oft aðhald og væri gott að fá kannski meiri stuðning að ofan. Nýbúafraeðslu mætti bæta. Hegðunarerfiðleikar oft ástæða fyrir sérkennslu/stuðning.	Allir nemendur fá nám við hæfi og tækifæri til að blómstra.	Greina vandann vel og skoða hvað veldur t.d. hegðunarerfiðleikum barns.
<b>Námsvísir og kennsluáætlanir</b>	Allar áætlanir eru á heimasíðu skólans. Ákveðið var að setja upplýsingar um öll verkefni á Námfús frá og með 1. febrúar og þarf starfsfólk kennslu á Námfús.	Allar upplýsingar varðandi nám nemenda séu á Námfús	Sýnikennslu á Námfús fyrir alla kennara.
<b>Agastjórnun</b>	Mikil orka og tími fara í nemendur sem vilja ekki læra og bitnar það á kennslu. Það vantar úrræði fyrir nemendur sem vilja ekki sinna náminu og sem eyðileggja fyrir öðrum. Klósettferðir í tímum eru vandamál, einnig þegar nemendur biðja um að fara að drekka.	Námsver og meira framboð í starfsvali.	Manna námsver/úrræði fyrir nemendur sem vilja ekki sinna náminu. Senda bréf til foreldra varðandi reglur og viðurlög og væntingar skólans til hegðunar barnanna.

<b>ART/UTÁ</b>	ART kennarar í öllum bekkjum á stiginu. Erum ekki að fara eftir skýru mörkunum.	Hafa skýru mörkin sýnileg í skólanum og að allir fari eftir þeim. Starfsfólkið standi saman í agastjórnuninni og sendi ekki misvísandi skilaboð.	Samlestur og upprifjun þar sem allt starfsfólkið fái upprifjun varðandi UTÁ og skýru mörkin.
<b>Skólareglur og viðurlög við brot á þeim</b>	Að mati fundarmanna eru fáar afleiðingar við brotum á reglum og þarf að virkja þau verkefni sem við höfum og nota þau (t.d. skýr mörk)	Fara eftir þeim reglum sem gilda.	
<b>Símanotkun</b>	Starfsfólk þarf oft að minna nemendur á að fara eftir reglum varðandi símanotkun á skólatíma og eiga nemendur miserfitt með að fara eftir þeim.	Allir símar eiga að vera í hirslu eða í tösku í kennslustundum nema kennari hafi gefið sérstakt leyfi fyrir símanotkun.	Biðja foreldra um að hringja ekki í börnin sín á skólatíma auk takmarka ferðir úr stofu. Starfsmenn þurfa að vera samtaka í að framfylgja reglunum.
<b>Tölvubúnaður</b>	Að mati fundarmanna er skortur á spjaldtölvum og of fáar borðtölvur á stiginu. Í dag þarf að treysta á að nemendur eigi síma til að sinna náminu á þann hátt sem gert er ráð fyrir 2020 og segist starfsfólkið gera það frekar en að nota tæknikost skólans. Það vantar skjá og skjávarpa í 8. b. stofu og í tónmenntarstofu.	Að mati fundarmanna væri æskilegt að eiga nægilega margar spjaldtölvur og borðtölvur til þess að heill nemendahópur gæti notast við þær á sama tíma. Æskilegt væri að fá skjá í 8. b. stofu og tónmenntarstofu til þess að geta sýnt myndefni af netinu.	Fjölga spjaldtölvum og borðtölvum skólans. Setja upp skjávarpa/smarttöflu í 8. b. stofu og tónmenntarstofu.
<b>Kennslurými</b>	Vinnuaðstaða tónmenntarkennara er í kennslustofunni og þyrfti kennari að fá stærra borð. Einnig er þörf fyrir að fá ný húsgögn í vinnurými	Allir starfsmenn á stiginu hafi fullnægjandi vinnuaðstöðu til þess að sinna undirbúningsvinnu og úrvinnslu kennslu.	Fara yfir húsgögnin á stiginu og meta hvað hægt er að laga og hvað þarf að kaupa nýtt.

	starfsmanna þar sem ekki er hægt að stilla alla stólana í dag. Staðan er eins í píanómálum og hún var árið 2017 þar sem eitt píanó brotnaði í desember.		
--	---	--	--



### **3. Rýnifundur með starfsfólki í Skjólinu, ræstingarfólki, húsverði og ritara**

Fundur var haldinn með starfsfólki í Skjólinu, ræstingarfólki, húsverði og ritara í mars þar sem rýnt var í aðbúnað, starfsumhverfi, endurmenntun og líðan. Til grundvallar lá skýrsla rýnifundar sem fór fram á skólaárinu 2016-2017 og voru þrjár spurningar lagðar fram:

- Hvar stöndum við
- Hvert viljum við fara?
- Hvað þurfum við að gera til þess að komast þangað?

Umræður og niðurstöður af fundunum voru ritaðar niður og dregnar saman í ákveðna þætti sem hér fylgja.

Viðvangsefni	Hvar stöndum við?	Hvert viljum við fara?	Hvað þurfum við að gera til þess að komast þangað?
Aðbúnaður	<p>Aðgengi að sjónvarpi og tölvum í góðu lagi í skjólinu.</p> <p>Það vantar ennþá sparkvegg úti.</p> <p>Ritara finnst hann vera þínu berskjaldaður og vill loka starfsaðstöðuna meira af.</p>	<p>Ritarinn vill hafa meira næði til þess að geta unnið án þess að vera hræddur um að gögn liggi á glámbekk.</p> <p>Það vantar sandkassa úti en nemendur nota sandinn sem er í kringum kastalann.</p> <p>Væri gott að fá bekki og borð úti</p>	<p>Færa hurðina sem er við hliðina á ritaraborðinu frammar þannig að þá væri hægt að loka meira af og minni áreiti „frá öllum áttum“.</p> <p>Setja upp sparkvegg úti</p>
Starfsumhverfi	<p>Skjólið er ennþá á sama stað og það var síðast og finnst starfsfólki erfitt þegar ekki er búið að ganga frá eftir kennslu í kennslustofunum og hefur það takmarkandi áhrif á starfsemi í Skjólinu. Einnig finnst starfsfólki erfitt þegar kennarar skila ekki því sem þeir fá lánað frá Skjólinu.</p> <p>Tímasetning kaffitíma eins og staðan er í dag er óhentug að mati starfsmanna þar sem að nemendur missa stundum af ef þeir eru að fara í skólabíl kl. 15. Það á sérstaklega við þegar þeir eru seinir að koma úr íþróttahúsinu.</p> <p>Hljóðvíst á yngsta stigi hefur lagast en starfsmenn Skjólsins segjast finna lítið fyrir því.</p>	<p>Starfsmenn Skjólsins myndu vilja fá sér húsnæði fyrir Skjólið.</p> <p>Gæsla í íþróttahúsinu sem fylgir því eftir að börn nái að koma í kaffi áður en þau fara heim.</p> <p>Laga hljóðvíst í matsalnum.</p>	<p>Allir passi að ganga frá eftir kennslu þegar aðrir koma</p> <p>Samráðsfundur á milli íþróttahússins, skjólsins og skólans, íþróttafélagana til þess að fara yfir málin. Skoða kaffitíma frá degi til dags og setja upp stundaskrá yfir kaffitímana. Skerpa á umgengni á yngsta stigi.</p> <p>Skerpa á framkomu og virðingu í skólanum, fara í átak.</p>

	<p>Einnig kom fram að þegar það er veikindi í starfsmannahópnum þar sem erfitt er að fá fólk í afleysingu.</p> <p>Hávaði í matsalnum er mikill og hefur það áhrif á líðan og heilsu starfsmanna og barna, einnig er framkoma barna oft ekki góð.</p> <p>Nýr kokkur byrjar vel að mati fundarmanna.</p>		
Endurmenntun	<p>Starfsmönnum stendur til boða að fara á námskeið í boði skólalþjónustunnar o.fl. og lýstu fundarmenn yfir ánægju með það.</p>		
Líðan	<p>Líðan er almennt góð en starfsmenn í Skjólinu benda á að það er mikið álag á þeim, sérstaklega þegar það eru veikindi í starfsmannahópnum.</p> <p>Starfsmönnum finnst ennþá Skjólið vera einhvers konar olnbogabarn í skólanum. Einnig segir starfsfólk í mötuneytinu að það er mikið álag á þeim þegar það vantar fólk í vinnu. Aukið álag er mjög slítandi til lengdar.</p>	<p>Umbun fyrir aukaálag í Skjólinu og í eldhúsinu þegar vantar fólk t.d. í formi álagsgreiðslur.</p>	<p>Hafa mönnunina þannig að það lendi ekki alltaf á sama fólkinu þegar vantar fólk, t.d. með að „ofmanna“.</p>

## 4. Uppgjörsdagur að vori 2020

Á uppgjörstími þann 26. maí 2020 var öllum starfsmönnum skipt niður í fimm hópa til þess að ræða reynslu starfsfólksins af skólastarfi í samkomubanni. Sjálfsmatsnefnd skólans setti saman spurningalista sem lá til grundvallar fyrir umræðurnar. Helstu niðurstöður verða raktar hér fyrir neðan.

### Hvað gekk vel í covidskólanum?

- Fjarkennsla á Teams gekk vel að mati kennara
- Samheldni og jákvætt hugarfar hjá starfsfólkinu
- Margir nemendur stóðu sig mjög vel í fjarnámi og voru ánægðir með að vinna heima þar sem hægt var að stjórna tímanum sínum sjálf/ur
- Rólegt og gott andrúmsloft á meðal nemenda sem voru áfram í skólanum
- Margir nemendur blómstruðu bæði námslega og félagslega
- Útskrift 10. bekkjar var mjög hátíðleg
- Foreldrar fengu meira innsýn í nám barnanna
- Það gekk vel að setja kennslu yfir á rafrænt form og leystust tæknimál vel
- Vel hugsað um starfsfólk með undirliggjanda sjúkdóma
- Nemendur sem þurftu fengu tölvur að láni frá skólanum

### Hvað gekk ekki vel?

- Mikið álag fyrsta vikuna á meðan allir voru að aðlagast og óljós skil á milli vinnu og einkalífs hjá kennurum sem voru í heimakennslu
- Sumir nemendur sinntu ekki náminu í fjarkennslu
- Nemendur af erlendum uppruna fengu ekki nægilegan stuðning
- Foreldrar og forráðamenn höfðu ekki aðgang að Teams
- Erfitt að sinna íþróttakennslu í heimastofum barna án skjávarpa og hátalara

### Hvað væri hægt að gera öðruvísi?

- Virkja fleiri kennara í fjarkennslu til þess að koma til móts við alla
- Virkja stuðningsfulltrúa í fjarstuðning
- Úrræði fyrir þau börn sem ekki er sinnt og ekki næst samband við
- Halda teymisfundi
- Fullmikið að hafa heimakennarafund á hverjum degi
- Hafa teymi um hvern bekk til þess að minnka álag á umsjónarkennara

### **Tækifæri sem við sjáum í fjarkennslu**

- Hægt að nota Teams þegar nemendur þurfa að fara fyrr heim eða komast ekki í skólann vegna veðurs
- Teams góð samskiptaleið til að ná til nemenda
- Nota Teams sem skref í áttina til vendikennslu
- Hægt að nota fyrir nemendur sem eru í langtímaveikindi eða leyfi

### **Ef við þurfum að taka aðra lotu í covid skóla, hvernig myndum við skipuleggja það?**

- Skýra betur hlutverk starfsfólks
- Passa að nemendur fái kennslu í öllum fögum
- Samræma notkun Teams hjá kennurum varðandi verkefnaskil
- Passa betur upp á að skilja á milli vinnu og einkalífs
- Leyfa nemendum sem vilja og geta verið í skólanum að vera hér og kennslunni streymt heim til þeirra sem vilja frekar halda sig heima.
- Passa upp á að nemendur fái stuðningskennslu og aðhald í skólanum
- Nota stuðningsfulltrúa til þess að hafa samband við nemendur og hvetja þá áfram í námi
- Samræma vinnubrögð kennara

### **Er hægt að nota Teams kerfið dags daglega í kennslu?**

- Gott að nota fyrir rafræn skil og hópavinnu
- Góður undirbúningur fyrir framhaldsskólanám
- Gott að nota til að auka fjölbreytni í kennsluháttum í daglegri kennslu
- Nota kerfið í vendikennslu

### **Áhrif covid skólans á starfsfólk: t.d. líðan, félagslíf, samstarf o.s.frv.**

- Stress og óöryggi fyrst um sinn
- Starfsfólk sem mætti í skólann var þakklátt fyrir rútínuna en álag að vita af smithættu sem var fyrir hendi.
- Samviskubít starfsmanna sem voru að vinna heima
- Einangrun og vöntun á félagsskap samstarfsfólks
- Minna áreiti frá nemendum
- Óvissan var að valda streitu
- Erfitt þegar maður kom aftur í skólann að vita hvar mörkin væru, hvað mátti og hvað mátti ekki

### **Áhrif covid skólans á nemendur**

- Sumir blómstruðu í námi og félagslega

- Sumir týndust í námi og félagslega
- Nemendur lærðu að meta skólann og skólastarfið á nýjan hátt
- Einstaka nemendur sýndu kvíða fyrir Covid
- Nemendur fengu „hvíld“ frá skóla og tómstundum

#### 4. Úrbótaáætlun veturinn 2019-2020 og úrbætur unnar á árinu

<b>Viðfangsefni</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Tímarammi</b>	<b>Árangur mælt með</b>	<b>Staða mála í sept 2020</b>
Kennsla fyrir alla. Námskeið í skipulagningu og framkvæmd einstaklingsmiðaðrar kennslu í íþróttum	Skólastjóri og íþróttakennarar	Fyrir lok febrúar 2020	Einstaklingsnámskrá fyrir alla nemendur sem þurfa. Auk úttektar á gæðum kennslu og náms	Vinna ekki hafin
Virkara foreldrasamstarf	Umsjónarkennarar	Lok maí 2020	Skipulag fyrir foreldrastarfið sent út strax í upphafi vetrar, nemendastýrð foreldraviðtöl í september. Upplýsingar um skólasókn sendar heim reglulega	Vinna hafin en erfitt að setja upp áætlun fyrir skólaárið 2020/2021 vegna sóttvarnareglna
Virkari þátttaka í verkefni skólans þar sem allir starfsmenn skuldbinda sig til þess að afla sér þekkingu eða vinna nefndarstarf í einu verkefni	Allir starfsmenn	Lok nóvember	Starfsmenn skrá sig á verkefni	Vinnu lokið
Bæta líðan starfsmanna og starfsánægju	Stjórnendur og starfsmenn	Lok maí	Vinnustaðasamningur, starfsmannakönnun. Endurgjöf stjórnenda	Vinna hafin

## 5. Úrbótaáætlun veturinn 2020-2021

Viðfangsefni	Ábyrgð	Tímarammi	Árangur mælt með
Heimakennta vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Gerð verði aðgerðaáætlun fyrir heimakenntu ef skólinn þarf að loka alveg eða að hluta til.	Kennarar og stjórnendur	Nóvember 2020. Umræður á stigum, innri rammi unninn. Áhersluatriði að tími nemenda í fjarnámi verði sem stýstur.	Áætlun tilbúin
Efla trú starfsfólks á eigin getu í starfi.	Allir starfsmenn	Fyrirlestur 4. sept. 2020,	Stutt könnun meðal starfsmanna á uppgjörsdegi í maí 2021
Starfsandi/líðan starfsfólks. Gera starfsmannasáttmála. Stofna skemmtinefnd Hvolsskóla sem sér um skemmtilegar uppákomur í starfsmannahópnum	Stjórnendur, starfsmannafélag, skemmtinefnd, allir starfsmenn	Hópefli allt árið, s.s. gönguferðir, spilakvöld, jakkafatajóga, samvera utan vinnu, leikhúsferð, tónleikar o.s.frv.	Stutt könnun meðal starfsmanna á uppgjörsdegi í maí 2021
Efla trú nemenda á eigin getu. Nemendur setja sér markmið, fjölbreytt námsmat. Gestafyrirlestrar	Allir starfsmenn, stjórnendur	Fyrirlestur 4. sept. 2020. Fyrirlestur 2. nóv. fyrir 10. b. Fyrirlestrasería	Skólapúlsinn, líðankönnun í 2. og 4. b.
Kennsla fyrir alla. Námskeið í skipulagningu og framkvæmd einstaklingsmiðaðrar kennslu í íþróttum	Skólastjóri og íþróttakennarar	Fyrir lok nóvember 2020	Örnámskeið með kennsluráðgjafa á vegum skólaþjónustunnar

## **Að lokum**

Öllum skólum er hollt að fara í ítarlega sjálfsskoðun á sínu innra starfi. Með þeim hætti er hægt að meta hvað gengur vel og hvað það er sem þarf að bæta því öll viljum við gera góðan skóla enn betri. Skýrsluhöfundar telja sig hafa farið nokkuð vítt og breytt um allt skólastarfið á skólaárinu 2019-2020 kannað það frá ýmsum sjónarhornum og lagt fram áætlun til úrbóta. Einnig var gerð áætlun í sjálfsmati fyrir næsta skólaár, þ.e. 2020-2021.

Sjálfsmatshópnum telst til að flest allir þættir skólastarfsins séu metnir á eins til þriggja ára fresti, matið er kerfisbundið og samofið öllu skólastarfi. Matið byggir á upplýsingum sem eru fengnar hjá öllum þeim sem að skólastarfinu koma og er sett í farveg sem leiðir til umbóta í skólastarfinu.

Hvolsvöllur september 2020

f.h. Sjálfsmatshóps Hvolsskóla

Guri Hilstad Ólason, formaður.